

hafi verið að hugsa til að stefna til nýrra kosninga, og hafið þjer nú spurt, hvort fyrir-
skipun frá mjer um, að nýjar kosningar skuli fara fram, sje nauðsynleg.

27

29. jan.

Fyrir því vil jeg tjá yður það, er nú segir:

Með því að opið brjef 2. marz f. á. skipar fyrir, að almennar kosningar til al-
þingis skuli fram fara, er það vitaskuld, að kosning verður að fara fram í Norðurmúla-
sýslu, eins og í öðrum kjördæmum landsins, og að það er skylda kjörstjórnarinnar, ef
kosning, sem stefnt hefir verið til, ferst fyrir af einhverri ástæðu, að stefna svo fljótt
sem mögulegt er til nýrrar kosningar samkvæmt opnu brjefi 2. marz f. á.

Það er hvorttveggja, að þjer hafið ekki skýrt frá ástæðunum til þess, að kosn-
ingin fírst fyrir í Norðurmúlasýslu í septembermánuði, enda er ekki hægt að sjá, hvort
þá er kjörstjórnin sá, að kosning í septembermánuði myndi farast fyrir, hafi verið svo
langt áliðið, að ekki hafi verið mögulegt að stefna til nýrrar kosningar í október eða
nóvembermánuði. En hvað sem nú þessu líður, get jeg ekki látið mjer líka, að kjör-
stjórnin hefir þrátt fyrir hin ljósu fyrirmæli. opins brjefs 2. marz f. á. vanrækt að stefna
til nýrra kosninga, og að hún hefir, þegar hún afreði að senda mjer fyrirspurn þá, er
hjer liggur fyrir, dregið hana til 26. nóvbr. f. á.

Til þess að jeg geti nákvæmar dæmt um, að hve miklu leyti kjörstjórnin hafi
vanrækt skyldur sínar í nefndu tilliti, skal hjer með lagt fyrir yður, herra sýslumaður,
að senda hingað tafarlaust ítarlega skýrslu um, hvað gjört hafi verið af hendi kjörstjórn-
arinnar eða yðar sem oddvita hennar til að hlýðnast fyrirmælum konungs í opnu brjefi
2. marz f. á. um, að almennar kosningar til alþingis skuli fram fara í septembermánuði
f. á., og hverjar ástæður hafi valðið því, að kosningin fírst fyrir í kjördæmi yðar á
hinum fyrirskipaða tíma, og hverjar ráðstafanir þjer eptir að hafa meðtekið þetta brjef
gjöríð til að kosningar þær, sem hefðu átt að fara fram í septembermánuði nú fái
framgang.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 28
styrk til erlendis að kynna sjer vinuvjelar, er að tóskap lúta. — Hjer með vil jeg 31. jan.
tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að jeg samkvæmt
tillögum yðar hefi af fje því, sem í 15. gr. fjárlaganna fyrir árin 1880 og 1881 er ætlað
til vísindalegra og verklegra fyrirtækja veitt Magnúsi Benjamínssyni 200 kr. styrk til
þess erlendis að kynna sjer ýmsar verkvjar, er að tóskap lúta, «í von um, að hann
kynni að geta gjört ýmsar breytingar við þær, hvar við slíkar vjar gæti orðið hæfi-
legri og hentugri fyrir alþýðu hjer á landi». Því skal við bætt, að jeg hefi gjört ráð-
stöfun til, að upphæð þessi eptir tillögu yðar verði ávísuð Tryggva alþingismanni Gunn-
arssyni til útborgunar í Kaupmannahöfn. Hjalagt verðlaunaskjal frá sýningunni að
Oddeyri óskast afhent Magnúsi Benjamínssyni.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 29
landamerkjaprætu milli 2 umboðsjarða. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt álit 1. febr.
yðar, herra amtmaður, um brjef umboðsmanns Reynistaðarklausturs, viðvíkjandi
kostnaðinum við áreiðargjörð á landamerki umboðsjarðanna Veðramóts og Heiðar, vil

29 jeg tjá yður það, er nú segir til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir 1. febr. hlutaðeiganda.

Jeg er yður, herra amtmaður, samdóma um, að umboðsmanni beri að gjöra út um landaþrætur þær, er kunna að koma upp milli landseta á þjóðjörðum, er liggja undir sama umboð. Umboðsmaðurinn hefði því ekki þurft að beiðast áreiðar þeirrar, er farið hefir fram, og kostnaðurinn við hana getur ekki lent á umboðssjóðnum; en þar af leiðir ekki, að umboðsmaðurinn eigi að greiða kostnað þenna, því hann gat haft góða ástæðu til þess að áskilja gagnvart landseta þeim, er óskar landamerki sín ákveðin, að áreið á landamerkin fari fyrst fram, og verður þá landseti sá, sem, þrátt fyrir slíkt skilyrði, heimtar landamerkin tiltekin, að greiða kostnað þann, er leiðir af slíkri beiðni. Í því máli, sem hjer liggur fyrir, virðist því kostnaður sá, sem áfallinn er, að eiga að greiðast af hlutaðeigandi landseta, Jóni bónda Jónssyni á Veðramóti.

Að því er snertir ágreining þann, sem kostnaður þessi hefir risið af, þá leiðir af því, sem að framan er tekið fram, að ákvörðun sú á viðkomandi landamerkjum, sem umboðsmaðurinn mælir fram með í brjefum sínum til amtsins frá 29. nóvember 1879 og 2. ágúst 1880 verður að haldast milli landsetanna fyrst um sinn.

19 skjöl endursendast.

30 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um 2. febr. uppboð hreppstjóra. — Í brjefi frá 17. f. m. hafið þjer herra amtmaður skýrt mjer frá, að sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu hafi í vor látið hreppstjóran í Nesjahreppi Stefán alþingismann Eiríksson halda uppboð á nokkrum munum af strönduðu frakknesku fiskiskipi meðal annars af því, að munir þessir hafi verið sagðir svo lítilfjörlegir, að sýslumaður hjelt, að þeir mundu eigi bera kostnað þann, sem hefði leitt af því, að hann sjálfur hefði farið austur, en á uppboðinu hafi munir þessir hlaupið 515 kr. 50 aura, og hafi því hinn núverandi sýslumaður gjört þá fyrirspurn, hvort sleppa megí að gera grein fyrir hundraðsgjaldi af þessu uppboði í aukatekjubókinni, og virðist þjer, herra amtmaður, að vera þessu meðmæltir, þar sem sýslumaðurinn hafi eptir ástæðum haft nægilega heimild til að fela hreppstjóranum að halda þetta uppboð, en þá beri honum og ekki landssjóði uppboðslaunin samkvæmt 71. grein aukatekjureglugjörðarinnar sbr. við brjef ráðgjafans 19. október 1878 (B 167.)

Fyrir því vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda það, er nú segir.

Eins og tekið er fram í nefndu ráðgjafabrjefi má sýslumaður því aðeins láta hreppstjóra framkvæma uppboð, að hann geti ekki sjálfur framkvæmt það, og að gætt sje skilyrðanna í 71. gr. aukatekjureglugjörðarinnar og ber sýslumanni í hvert sinn, er hann felur hreppstjóra á hendur uppboðshald að geta um ástæðuna til þess og láta rita þar að lútandi athugasemd í uppboðsbókina. Til þess nú að eptirlit verði haft með þessu, verð jeg að álíta það rjettast, að sýslumaður riti öll þau uppboð, sem fara fram í lögsagnarumdæmi hans, í aukatekjubókina, og ber honum þá með tilliti til þeirra uppboða, er hreppstjórar taka uppboðslaun af, að láta fylgja reikningi sínum fyrir aukatekjum eptirrit eptir uppboðsbókinni og þau önnur sönnunarskjöl, er hann álitur hentug eða nauðsynleg til þess að rjettlæta tekjumissi þann, er landssjóðurinn verður fyrir, og það mun þá verða ákveðið með reikningsúrskurði í hverju einstöku máli, hvort landssjóðurinn geti sleppt tilkalli til uppboðslaunanna